

Ár 2010, fimmtudaginn 6. maí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Herdís Þórðardóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Starfsendurhæfingu Suðurlands frá 29. apríl 2010.**

Í bréfinu er boðað til ársfundar Birtu - Starfsendurhæfingar Suðurlands sem halda á mánudaginn 10. maí n.k.

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

1.2. **Sýslumanninum á Selfossi frá 3. maí 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Almars Þórs Þorgeirssonar um breytingu á veitingaleyfi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir varðandi umsókn Almars Þórs Þorgeirssonar kt. 180674-3819 f.h. Al-Baksturs ehf um breytingu á veitingaleyfi úr flokki I í flokk II.

Bæði opnunartími og staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

1.3. **Knattspyrnudeild Hamars frá 3. maí 2010.**

Í bréfinu óskar Knattspyrnudeild Hamars eftir fjárhagslegri aðstoð Hveragerðisbæjar vegna leigu á æfingaaðstöðu til handa deildum félagsins vegna pláss- og aðstöðuleysis í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Knattspyrnudeildina um 300 þúsund vegna mikils kostnaðar sem deildin hefur orðið fyrir í vetur þar sem vel flestar æfingar meistaraflokks hafa þurft að fara fram á leigðum völlum utan sveitarfélagsins. Fyrir liggur álit formanns Hamars á þessari beiðni en bæjarráð ítrekar að framvegis skulu erindi sem þetta berast í gegnum aðalstjórn Hamars í samræmi við samning milli Hveragerðisbæjar og íþróttafélagsins Hamars.

2. **Fjárhagsleg verkefni:**

2.1. **Dómur Hæstaréttar vegna gatnagerðargjalda frá 30. apríl 2010.**

Lagður fram dómur hæstaréttar í máli Frjálsa fjárfestingabankans hf gegn Hveragerðisbæ.

Lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að leggja fram breyttar vinnureglur vegna innheimtu gatnagerðargjalda að höfðu samráði við lögmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Almannaþingin:

- 3.1. **Hættumat og áhættugreining Almannaþingar Árnessýslu.**
Hættumat og áhættugreining Almannaþingar Árnessýslu lagt fram en Héraðsnefnd Árnessýslu hefur þegar samþykkt umrædda skýrslu og slíkt hið sama hefur stjórn Almannaþingar Árnessýslu gert á fundi sínum í vikunni.
Lagt fram til kynningar.

4. Verkfundargerðir:

- 4.1. **Sundlaugin í Laugaskarði - viðgerð og málun á laugarkeri frá 30. apríl og 4. maí 2010.**
Jafnframt lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið sem fór fram 1. mars 2010. Tvö tilboð bárust og var Múrþjónusta Helga lægstbjóðandi. Verkið er unnið í samvinnu við Viðlagatryggingu þar sem um framkvæmd vegna jarðskjálftatjóns er að ræða.
Fundargerðirnar samþykktar.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:30

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)